

67. kirkjuþing 2025 - 2026
27. mál - þskj. 27a

T I L L A G A

til þingsályktunar um tímabundið umboð stjórnar Þjóðkirkjunnar 2025 - 2026.

Flm. Bryndís Malla Elíadóttir og Drífa Hjartardóttir.

Kirkjuþing 2025 - 2026 ályktar að stjórn Þjóðkirkjunnar, sem kosin er á haustfundi 67. kirkjuþings árið 2025 hafi fullt umboð til reglulegs kirkjuþings að hausti 2026.

Greinargerð.

Í starfsreglum um kirkjuþing nr. 10/2021-2022, með síðari breytingum segir í 1. mgr. 4. gr.

“Kirkjuþing kýs árlega stjórn Þjóðkirkjunnar á síðasta fundi reglulegs kirkjuþings að hausti.

Stjórnina skipa fimm kirkjuþingsfulltrúar úr röðum aðalmanna, þrír úr hópi óvígðra og tveir úr hópi vígðra. Þrír varamenn eru kosnir með sama hætti. Formaður komi úr röðum leikmanna og skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.”

Kosið verður til kirkjuþings vorið 2026. Með hliðsjón af því verður að tryggja, að þeir sem kosnir verða í stjórn Þjóðkirkjunnar haustið 2025 hafi umboð til stjórnarsetu til eins árs, þótt svo kunni að fara að þeir, einn eða fleiri, gefa ekki kost á sér, eða að einhverjir stjórnarmanna hljóti ekki endurkjör til kirkjuþings og uppfylli þá ekki lengur framangreindan áskilnað um þingsæti. Þykir því rétt, til að taka af allan vafa, að sú stjórn, sem kosin verður á haustþingi 2025, hafi umboð í eitt ár, þ.e. til reglulegs kirkjuþings að hausti 2026.